

Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

14. maí 2019 kl. 8:10

Mættir voru:

Áslaug Pálsdóttir, fulltrúi foreldra, Þorvar Hafsteinsson, grenndarfulltrúi, Guðrún Soffía Jónasdóttir, skólastjóri, Alfreð Mariússon, fulltrúi starfsmann, Theódór Aldar Tómasson, fulltrúi kennara, Lovísa Hannesdóttir, fulltrúi kennara, Ástrós Magna Vilmundardóttir, fulltrúi nemenda og Haukur Ingi Hauksson, fulltrúi nemenda.

Fjarverandi: Árnína Kristjánsdóttir, fulltrúi foreldra,

Fundarritari: María Jónsdóttir, aðstoðarskólastjóri.

1. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa

Kynntar voru niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 9. bekkjum.

Guðrún Soffía kynnti hvernig skólinn vinnur með niðurstöður þessara kannanna. Farið er yfir niðurstöður með viðkomandi kennurum og sérkennurum og skoðað hvaða þættir ganga vel og hvar má bæta í. Foreldrar fá einkunnir sundurliðaðar á einkunnablaði og svo vinnur Menntamálastofnun súlur fyrir niðurstöðurnar. Ekki er lengur verið að birta niðurstöður einstakra skóla. Teddi tók fram að námsmat er mjög fjölbreytt og þessar niðurstöður eru bara einn hluti af þeim. Niðurstöður eru mjög góðar hjá 9. bekk þar sem skólinn er yfir meðaltali þar. Niðurstöður í stærðfræði voru lakari en á landsmeðaltali en komu vel í íslensku. Niðurstöður í 4. bekk voru góðar bæði í íslensku og stærðfræði. Þessar niðurstöður verða birtar í matsskýrslu ársins og birtar á heimasíðu skólans.

2. Skipulag næsta skólaárs

Guðrún Soffía fór yfir skipulag skólans næsta skólaárs. Vel hefur gengið að ráða kennara með réttindi. Umræður um næsta skólaár. Svanhildur er að koma til baka sem forstöðurmaður í frístundinni og Gulla verður með henni þar.

3. Önnur mál

Rætt um skólaþingið sem haldið var 9. maí. Ekki var mikil þátttaka hjá foreldrum en góðar umræður hjá þeim sem mættu. Verið er að vinna úr niðurstöðum skólaþingsins frá öllum hagsmunahópum. Rætt um lélega þátttöku foreldra almennt í starfi sem tengist skólanum. Skólinn mun samt halda áfram að vera með vettvang sem þennan næstu skólaárin. Skólaþing er góður vettvangur til að koma ákveðnum skoðunum áfram. Samantekt mun verða tekin saman og send á foreldra í fréttabréfi. Rætt um að foreldrafélagið vinni með skólanum í framtíðinni að kynna skólaþingið.

Leikskólinn Sólhvörf mun flytja starfsemi með elstu nemendum sínum hingað í skólann frá 11. júní og fram að sumarfríi hjá þeim. Þetta hefur ekki verið gert áður hér í Vatnsendaskóla. Vorskóli 1. bekkinga verður miðvikudaginn 15. maí.

Rætt um bekkjarfulltrúa og hvernig best er að fá foreldra til starfa sem bekkjarfulltrúar. Einnig rætt um hvernig best er að haga fjáröflunum og hvaða árgangar fá þessar fjáraflanir.

Sagt frá fundi með landlags... vegna lóðar skólans. Vatnsendaskóli er eini skólinn í Kópavogi sem er með ólokna lóð. Komin er hugmynd af lokafrágangi lóðarinnar og voru umræður um lóðina.

Fundi slitið kl. 9:25